



Brunavarnaáætlun



Staður / mán. / ár	Skýrslugerð	Útgáfa / endurskoðun
Akureyri september 2008	Þorbjörn Haraldsson	Útg. 26-09-2008

Efnisyfirlit

Samþykkt.....	1
Markmið	2
Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar	2
Gerð brunavarnaáætlunar	2
Endurskoðun brunavarnaáætlunar	3
Samráð við gerð brunavarnaáætlunar	3
1. Áhættumat.....	4
2. Þjónustustig.....	5
3. Skipulag slökkviliðs	6
3.1. Verkefni slökkviliðs.....	8
3.2. Forvarnarstarf.....	9
3.3. Útkallsstarf.....	10
3.4. Annað.....	11
4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.....	11
4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf	11
4.2. Svar- og greiningartími	11
4.3. Boðunartími	12
4.4. Virkjunartími.....	12
4.5. Viðbragðstími	12
5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður	12
5.1. Húsnæði	12
5.2. Bifreiðar	13
5.3. Búnaður.....	14
5.4. Fjarskipti	14
5.5. Viðvörðunarbúnaður	14
5.6. Æfingarsvæði	15
5.7. Annað.....	15
6. Landupplýsingar	15
7. Vatnsból og brunahanar	15
8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur	16
9. Hafnir og mörk þeirra.....	16
10. Samkomulag og samningar	17
11. Annað.....	17
12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun	18
12.1. Húsnæði	18

12.2. Bifreiðar	18
12.3. Menntun og búnaður	18
12.4. Framkvæmdaáætlun	19
Dreifingarlisti	21
Heimildir.....	21
Fylgiskjöl	21
Akureyri, árið 2005-6.....	22

Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Slökkviliðs Akureyrar (SA) samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Akureyri /

F.h Akureyrarbæjar

F.h. Slökkviliðs Akureyrar

F.h

F.h Brunamálastofnunar

Markmið

Leiðarljós SA með þessari brunavarnaáætlun er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000.

“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnarefirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000

“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”

Jafnframt er eitt af megin markmiðunum SA með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar

Gerð brunavarnaáætlunar

Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir

“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af SA eftir leiðbeiningum sem Brunamálastofnun gefur út.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaadstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Ekki er til áhættumat fyrir svæðið í heild sinni en öðrum vinnuaðferðum beitt.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (t.d. slökkvíáætlanir og mengunarvarnaáætlanir) a.m.k. yfir alla stærstu og erfiðustu áhætturnar á svæði slökkviliðsins.

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi
- slökkvistöðvar slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir SA. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga

Helstu breytingar á starfssvæði SA, sem áhrif hafa á starfsemi þess og eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára koma fram í brunavarnaáætluninni.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að endurskoða a.m.k. á 5 ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13. gr. laga um brunavarnir:

“Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki.”

Leitast verður við að uppfæra áætlunina árlega sér í lagi ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaáætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

Samráð við gerð brunavarnaáætlunar

Við gerð þessarar áætlunar eru nýttir til samráðs aðilar er koma að störfum SA.

- | | |
|-----------------------------------|---|
| • Bæjarstjórn Akureyrar | • Lögreglustjórinn á Akureyri |
| • Súlur Björgunarsveitin | • Neyðarlínan |
| • Brunamálastofnun | • Olíudreifing |
| • Slökkvilið Dalvíkur | • Skeljungur |
| • Slökkvilið Grenivíkur | • Norðurorka |
| • Almannavarnarnefnd | • Flokkun ehf |
| • Hafnarsamlag Norðurlands | • Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar |
| • Heilbrigðiseftirlit Norðurlands | • Sveitastjórn Hörgárbyggðar |
| • FSA | • Sveitastjórn Arnarneshrepps |
| | • Sveitastjórn Svalbarðs-
strandarhrepps |

Slökkviliðsstjórar í
nágrannasveitum.

1. Áhættumat

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu

Áhætta = líkindi x afleiðing

Hér verður áhættugreining byggð á huglægu mati sem byggir á þekkingu og reynslu slökkviliðsstjóra, en ekki byggt á tölfræði og útreikningi. Mikilvægt er að hefja vinnu við samræmt áhættumat á starfssvæði SA á næstunni. Mengunar- og slökkvíáætlanir eru til fyrir flestar stærri áhættur innan starfssvæðisins.

Áhætta á starfssvæði SA er mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins. Þó ber að taka fram að slökkvilið SA er ein heild og kemur fram sem eitt afl. Hér fyrir neðan er listi yfir þær áhættur sem eru ráðandi á starfssvæði slökkviliðsins.

Á Akureyri;

- Fjórðungssjúkrahúsið
- Efnaverksmiðjan Mjöll-Frigg
- Becromal aflþynnuverksmiðja(í byggingu)
- Háskólinn á Akureyri
- Menntaskólinn
- Verkmenntaskólinn
- Hlíð, Dvalarheimili aldraðra
- Olíubirgðastöð Olíudreifingar í Krossanesi og Shell.
- Sláturhús Norðlenska
- Útgerðarfélagið BRIM

Í nágrennasveitunum;

- Kristnes (sjúkrastofnun)
- Kjarnafæði, Svalbarðsströnd.
- Skjaldavík (fyrirverandi sjúkrastofnun) mikill húsakostur.

2. Þjónustustig

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustuflokka:

1. *Vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss*

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn SA fá þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Þjálfun skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000. Það er að lágmarki 20 klst. á ári.

2. *Slökkvistarfi innanhúss og reykköfun*

Slökkvilið Akureyrar sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Þjálfun þeirra skal vera í samræmi við 19 gr. laga nr. 75/2000. Svo og reglugerð um reykköfun og reykköfunarbúnað 26 júlí 1984.

3. *Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum*

Á Akureyri eru til staðar björgunartæki til björgunar m.a. úr bílflökum. Slökkvilið Akureyrar sinnir þessari starfsemi.

4. *Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun*

Búnaður vegna mengunar- og eiturefnaslysa er til hjá slökkviliðinu.

Slökkvilið Akureyrar sinnir viðbragði vegna mengunarslysa í samræmi við lög og reglugerðir. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna er samræmi við kröfur og leiðbeiningar BR. SA var úthlutað ákveðnum grunnbúnaði til mengunarvarna er upp koma eiturefnaslys. Reiknað er með að SA aðstoði nágrannasveitarfélög með þessum búnaði komi ósk þar um. SA reiknar með greiðslu fyrir þessa þjónustu frá tjónaaðilum.

5. *Eldvarnareftirlit*

Slökkvilið Akureyrar sinnir eldvarnareftirliti í samræmi við lög nr. 75/2000. svo og reglugerð um Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun, frá 7. apríl 1994.

6. *Önnur þjónusta*

Flugvöllur

Slökkvilið Akureyrar annast slökkvistörf á Akureyrarflugvelli og fræðslu á landsbyggðarflugvöllum fyrir Flugstöðir samkvæmt samningi þar um.

Sjúkraflutningar

Slökkviliðið sinnir sjúkraflutningum í samræmi við samning við Heilbrigðisráðuneytið.

Sjúkraflug

Slökkvilið Akureyrar sinnir í verktöku sjúkraflugi á landinu öllu utan Vestmannaeyja. Einnig fara sjúkraflutningamenn með í sjúkraflug á austurströnd Grænlands.

Dælingar

Slökkviliðið sinnir þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, dælingar úr skipum samkvæmt beiðni o.fl.

Öryggisvöktun

Öryggisvaktir eru staðnar í þeim tilfellum sem þess er óskað af slökkviliðsstjóra eða þar sem reglugerðir kveða á um það.

Slökkvistörf í skipum

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum og bátum sem staðsett eru í höfn.

Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði

Slökkvilið Akureyrar sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra eða lögreglu. Engir skriflegir samningar eru um þessa samvinnu en viðkomandi sveitarfélag greiðir útkall samkvæmt reikningi. Slökkviliðið getur einnig óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum þó svo að ekki séu til staðar skriflegir samstarfssamningar.


3. Skipulag slökkviliðs

Skipurit fyrir SA er samkvæmt mynd 1. Markmið með þessari skipan er að stjórnskipulag sé markvisst og að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar. SA heyrir undir framkvæmdasvið Akureyrarbæjar.

Í Slökkviliði Akureyrar eru 36 fastráðnir starfsmenn, 28 á fjórskiptum vöktum og 8 í dagvinnu.

Slökkvilið Akureyrar er með 3 starfstöðvar. Aðalstöð við Árstíg 2, á Akureyrarflugvelli og í Hrísey þar sem 10 eru skráðir í hlutastarfandi varðlið.

Samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita, Almannavarnarnefndar og SA. SA er hluti af almannavarnarkerfi Eyfirðinga og sinna þar brunavörnum, mengunavörnum og björgun fólks í samvinnu við aðra björgunaraðila.



Mynd 1. Skipurit slökkviliðs Akureyrar

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur SA á grundvelli laga, reglugerða og samninga SA. Slökkviliðsstjóri skipar staðgengil sinn. Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra eða staðgengils hans hverju sinni. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans aðstoðarslökkviliðsstjóri

Helstu verkefni og markmið daglegrar yfirstjórnunar eru að:

- ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á SA.
- ber faglega og rekstrarlega ábyrgð vegna þjónustusamninga SA.
- ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og eftirfylgni hennar.
- ber ábyrgð á gerð starfsáætlunar.
- mótar stefnu og framtíðarsýn í samstarfi við framkvæmdaráð.
- ber ábyrgð á gerð verklagsreglna vegna starfsemi slökkviliðsins.
- stuðlar að góðum samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- sér um að starfsemin sé vel kynnt út á við og annast samskipti við fjölmiðla.
- stjórnar öllum viðamiklum aðgerðum slökkviliðsins.

- stuðlar að góðum og framsæknum starfsanda innan SA.
- hefur yfirumsjón með að búnaður og tækjakostur uppfylli þarfir SA.
- tekur ákvarðanir um nýkaup og endurnýjun á búnaði innan ramma fjárhagsáætlunar.
- ber ábyrgð á að færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig skv. Brunavarnaáætlun.
- á samskipti við þá aðila sem tengjast starfsemi slökkviliðsins, þ.e. ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.
- lítur eftir að starfsemin sé í samræmi við þær verklagsreglur sem í gildi eru.
- sinnir bakvöktum yfirstjórnar SA.

3.1. Verkefni slökkviliðs

- þjónustu slökkviliðs, eldvarnaeftirlits, viðbragðs vegna mengunarslysa og hverslags neyðarþjónustu á Akureyri, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð og Svalbarðsströnd
- þjónustu slökkviliðs á Akureyrarflugvelli með föstum vöktum slökkviliðsmanna samkvæmt samningi við Flugstoðir.
- sjúkraflutninga á Akureyri, Arnarneshrepp, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Svalbarðsströnd, Grýtubakkahreppi og gamla Hálshreppi, sem miðstöð sjúkraflutninga á Norðurlandi samkvæmt samningi við Heilbrigðisráðuneytið.
- fræðslu og æfinga fyrir starfsmenn Flugstoðir á öllum flugvöllum landsins utan Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvallar vor og haust samkvæmt samningi við Flugstoðir.
- sjúkraflug á landinu u.þ.b. 500 sjúkraflug á ári.
- slökkviliðið er með fjallabjörgunarbúnað til fyrstu aðgerða á slysavettvangi sem þarfnast slíkrar sérhæfingar. Mannskapur hefur verið þjálfaður í notkun á búnaði þessum.
- Björgunarbátur (Zodiac) er hjá liðinu og er hugsaður til fyrstu björgunar við hafnir og strandir svæðisins. Innan liðsins eru einnig tiltækir starfsmenn með köfunarréttindi. Þessi verkþáttur er einungis hugsaður til lífbjörgunar.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna.

3.2. Forvarnarstarf

Dagleg umsýsla forvarnadeildar heyrir undir yfireldvarnaeftirlitsmann.

- Í forvarnarstarfi eru 2 menn.

Verkefni eldvarnaeftirlits.

- annast vettvangsskoðanir og úttektir á byggingum m.a. vegna breytinga og nýsmíði, ýmist einn eða í samstarfi við byggingaeftirlit.
- annast skoðanir vegna veitinga- og samkomuhúsa og annarrar leyfisskyldrar starfsemi og umsagnir til sýslumanns, t.d. vegna brennuleyfa og flugeldasölu.
- fer yfir teikningar með byggingafultrúum Akureyrar og Eyjafjarðar og samkvæmt samningum við sveitarfélög hverju sinni.
- annast upplýsingagjöf vegna reglugerða til bæjaryfirvalda, húsbyggjenda, hönnuða og almennings.
- annast skráningu upplýsinga í gagnagrunna Brunamálastofnunar
- annast eftirfylgni úttekta og skoðana.
- annast gerð og viðhald fræðsluefnis í tengslum við reglugerðir og nýjungar og með tilliti til þeirrar starfsemi eða stofnunar sem er verið að þjónusta.
- annast fræðsla til stofnana og almennings, bæði bóklega og verklega.
- annast fræðsla fyrir börn og unglunga með forvarnarstarfi og kynningu á starfsemi SA.
- Yfireldvarnaeftirlitsmaður er sérfróður aðili vegna eldvarna og sérstakrar áhættu við húsbyggingar.
- Yfireldvarnaeftirlitsmaður sinnir bakvöktum yfirstjórnar SA samkvæmt samkomulagi við slökkviliðsstjóra.
- Yfireldvarnaeftirlitsmaður sinnir einnig öðrum þeim verkefnum sem slökkviliðsstjóri kann að fela honum, enda samrýmist þau starfssviði hans.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnardeildar er í höndum slökkviliðsstjóra SA.

Sá sem sinnir eldvarnaeftirliti á að vera löggiltur eldvarnaeftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnaeftirlitsmaður III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilega menntun. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Eldvarnaeftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001. Endurmenntun er í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans.

Listi um skoðunarskylda staði má finna í gagnagrunni eldvarnaeftirlits slökkviliðsins.

3.3. Útkallsstarf

Útkallsdeild samþæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við mótaða stefnu. Það leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur. Útkallssvið heyrir undir aðstoðarslökkviliðsstjóra

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkallsdeildar er í höndum aðstoðarslökkviliðsstjóri sem ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

- annast daglega starfsmannastjórn SA.
- annast daglega stjórn varðliðs og neyðarþjónustu SA.
- ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á útkallsdeild.
- er ráðgefandi til slökkviliðsstjóra í starfsmannaráðningum og frágangi vegna starfsloka.
- hefur umsjón með vaktakerfi SA, einnig vegna fjarveru og afleysinga.
- ber ábyrgð á tímaskýrslum og gerð launaskýrsla vegna launavinnslu.
- heldur skrá og skipuleggur menntun og þjálfun starfsmanna.
- hefur umsjón með útseldri þjónustu og ber ábyrgð á reikningagerð og eftir atvikum innheimtu í tengslum við hana.
- hefur faglega umsjón og eftirlit með eldvarnarmálum á landsbyggðaflugvöllum samkvæmt samningi við Flugstoðir, þ.m.t. þjálfun starfsmanna til slökkvi- og björgunarstarfa.
- hefur faglega umsjón og eftirlit með þjónustu slökkviliðs vegna sjúkraflugs.
- er daglegur tengiliður slökkviliðs vegna þjónustusamnings við Flugstoðir og annast skýrslugerð til Flugstoðir.
- ber ábyrgð á að búnaður SA virki sem skyldi og lítur eftir að svo sé.
- sinnir bakvöktum yfirstjórnar SA samkvæmt samkomulagi við slökkviliðsstjóra.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Æfingaráætlun er sett fram 6 mánuði fram í tíman og tekur mið af þörfum liðsins hverju sinni.

Starfsþjálfun í slökkviliði og sjúkraflutningum er reglubundinn þáttur í starfi hjá Slökkviliði Akureyrar sem allir starfsmenn taka þátt í. Menntun er skv. reglugerð nr. 792/2001 BR 1 um menntun atvinnu slökkviliðsmanna og reglugerð 504/1986 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraflutningamanna.

Slökkviliðið sinnir menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans.

Skipulag

Á útkallssviði eru 3 starfseiningar samkvæmt eftirfarandi:

- útkallseining: Árstígur
- útkallseining: Flugvöllur
- útkallseining: Hrísey

Helstu verkefni

Útkallsdeild samþæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við mótað stefnu liðsins. Lagt er mat á einstaka þætti starfseminnar og settar fram tillögur að þróun og úrbótum. Yfirmenn útkallsdeildar setja fram þjálfunar og endurmenntunartillögur.

Helstu verkefni eru:

- slökkvi- og björgunarstörf
- sjúkraflutningar
- sjúkraflug
- viðbrögð vegna mengunar / umhverfisslysa
- björgun fastklemmdra úr bílslysum eða húsarústum
- þjálfun og æfingar
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar
- Ýmis verkefni tengd samningi við Flugstöðir (Akureyrarflugvöllur)

3.4. Annað

Slökkvilið Akureyrar skal vera tilbúin til að takast á við þekkt eiturefna- og spilliefnaslys sem vitað er að eru á starfssvæðinu eða fara um það. Þjálfarar slökkviliðsmenn til að meðhöndla og vinna með búnaðinn. Unnið er að viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunarslysa.

4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

SA starfrækir aðalstöð að Árstíg 2. Sólahrings vakt er á slökkvistöð og fer innri stjórnun liðsins fram í gegnum þessa stjórnstöð. Neyðarsvörun er í höndum Neyðarlínunnar sem boðar og kallar liðseininguna út. Neyðarlínan hefur upplýsingar um alla slökkviliðsmenn og einnig sér hún um að kalla út auka mannskap eftir fyrirmælum yfirmanna á bakvakt. Hlutverk slökkviliðs í almannvá eru skilgreind í Neyðarskipulagi fyrir Akureyri og Eyjafjörð.

4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir Eyjafjarðar AVE og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AVE. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar mengunarslys á svæðinu t.d. ammoníakleki í Fiskvinnslu Brims, Sláturhúsi Norðlenska eða meiriháttar brunni eða rýming á Heilbrigðisstofnunum eða öðrum stöðum þar sem fjölmenni er saman komið. AVE hefur ekki yfir að ráða sérstökum boðunarleiðum öðrum en tilkynningum í gegnum Ríkisútvarpið.

4.2. Svar- og greiningartími

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna.

4.3. Boðunartími

Eins og áður er komið fram sér Neyðarlínan um boðun á slökkviliðinu með SMS skilaboðum. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum yfirmanna á bakvakt. Viðmiðið sem notast er við, er að fyrsti slökkvibíll skal vera kominn úr stöð innan 90 sekúnda. Miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki. Varðandi slökkviliðið sér slökkviliðsstjóri um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá SA er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almannavarnarástands.

4.4. Virkjunartími

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 30 sek. frá því að dælubíll stöðvar við eldstað. Er þessi ferill æfður og tímatekinn a.m.k. fjórum sinnum á ári. Allt slökkvistarf á að vera komið í gang inna þriggja mín. frá því að slökkviliðið kemur á staðinn.

4.5. Viðbragðstími

Viðbragðstíma er skipt upp í þrjú tímabelti og flokka. Í fyrsta tímabeltinu, flokk I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (sjá kort). Í tímabelti tvö, flokk II; eru aðgerðir hafnar innan 20 mín(sjá kort). Þriðja tímabeltið, flokk III, eru aðgerðir hafnar innan 30 mín. Hér er nánast allt þjónustusvæði SA. Allt er þetta háð veðri og aðstæðum. Þar sem viðbragðstími er lengur en 30 mín er reynt að sjá til þess að tiltækir séu menn sem styðja við starfs slökkviliðs til að mynda með tækjum og búnaði til vatnsöflunar. SA ásamt sveitastjórum í Arnarneshreppi og Hörgárbyggð munu setja saman hóp til stuðnings á þessum ytri mörkum. Svalbarðstrandahreppur er staðsetningarlega vel innan svæðis. Í Eyjafjarðarsveit mun SA gera samning við Björgunarsveitina Dalbjörg sem mun sjá um slökkvibúnað sem er í kerru og er staðsettur í Steinhólum. SA mun þjálfa BD til fyrstu aðgerða í vatnsöflun og ytra slökkvistarfi þar til vakthafandi liðmenn koma á vettvang. Er þetta sé í lagi gert þar sem að tímalengd í útkall á innstu bæi í Eyjafirði eru mikil.

5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður

Líta verður á allan búnað SA sem heild og því kemur það fram sem eitt afl. Þetta er gert til þess að sem besta nýting fái úr búnaðinum og því fjármagni sem fæst til búnaðarkaupa. Afskriftarreglur og fjármagnsstefna er í samræmi við reglur og samþykktir sveitarfélagsins. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda.

5.1. Húsnæði

Slökkvistöðvar SA eru þrjá:

- Við Árstíg 2
- Akureyrarflugvöllur
- Í Hrísey

Slökkvistöð Árstígur 2.

Slökkvistöðin á Akureyri er stálgrindarhús, byggt 1987, alls 2.008 m². Slökkviliðið flutti í húsnæðið 1993. Húsnæðið er að hluta til á tveimur hæðum. Jarðhæðin skiptist í sal fyrir slökkvi- og sjúkrabíla, búningaaðstöðu, aðstöðu fyrir þjónustu og áfyllingu á lofthylki, þvottaaðstaða, lager, snyrtingu, stjórnstöð, hvíldaraðstöðu, afgreiðslu og eldhús. Á efri hæðinni eru skrifstofur, fundaraðstaða, kennsluáðstaða, búningsherbergi og snyrting.

SA hefur einnig til yfirráða geymsluhúsnæði að Árstíg (nefnt Sel). Tilheyrandi lóð er 7.577,1 m².

Slökkvistöð Akureyrarflugvelli.

Stálgrindarhús sem skiptist upp í verkstæði Flugstöða og slökkvistöð. Rými slökkvistöðvar er um 288 m² og skiptist upp í:

- tækjasal 144 m²
- búningaáðstaða, hvíldarherbergi, baðherbergi og varðstofa 72 m²
- Efri hæð er eldhús og setkrókur geymsla og skrifstofa húsvardar flugstöða 72 m².

Slökkvistöðin Ægisgötu 11, í Hrísey.

Stálklætt trégrindarhús byggt 1994. Stærð 69 m² á einni hæð (smá milliloft í einu horninu). Tilheyrandi lóð er 262,5 m² og stendur niður við bryggjuna í Hrísey. Húsið var keypt árið 2004 fyrir SA. Endurbætur voru gerðar áður en það var tekið í notkun.

5.2. Bifreiðar

Bifreiðakostur er í eigu Eignasjóðs gatna og tækja og sér hann um afskriftir. Tæki og búnaður sjá skrá "Tæki og búnaður". Rekstur og leiga bifreiðanna er á reikning SA í fjárhagsáætlun.

Kallnr.	Tegund	Aðalstöð	Árg.	Vatnst.	Dæla
210	MAN 463	Dælubíll 1	1999	2.500	3.000
211	Toyota	Þjónustubíll, 8 sæti	2006	0	0
213	Scania 420	Dælubíll / Lagnabíll	2005	3.000	4.000
214	Man	Körfubíll 28 metrar	1986		
215	MAN 192	Dælubíll / Hrísey	1987	2.400	3.000
216	Ford F600	Dælubíll	1975	1.900	2.800
217	MAN 321	Dælubíll / Tankbíll	1984	10.000	3.000
218	Ford F750	Dælubíll / Varabíll (úr notkun)	1953	1.200	1.900
221	Toyota	Þjónustubíll / bakvakt	2007		
223	Subaru	Þjónustubíll / bakvakt	2005		
SA3	Dodge	Slöngu / tækjabíll (úr notkun)	1944	0	0
		Flugvöllur			
251	Man 414	Dælubíll	2001	6.100	3.000
252	Ford F-350	Þjónustubíll	2001	0	0
253	SAAB	Bremsumælingar	1983	0	0

Lausar dætur			
Rosenbauer Fox	2003	0	1.600
Tomahatsu	1984	0	1.000
Tomahatsu	1984	0	1.000
H.Meisner	1969	0	2.400
Ný dæla	2005	0	1.600
Samtals vatnsmagn, dæluafköst.		27.100	28.300

Slökkviliðið hefur til ráðstöfunar frá Rauðakross Íslands eftirtaldar bifreiðar:

- SA 201: Benz sprinter 4x4, árg:
- SA 202 : Benz sprinter 4x4, árg:
- SA 203: FORD Econoline 4x4, árg:
- SA 204: VW Transporter 4x4, árg:

5.3. Búnaður

Búnaður SA er rekinn sem ein heild og er það gert til að nýting verði sem best. Ekki er allur búnaður á öllum slökkvistöðvum, samkvæmt eftirfarandi er reynt að fá sem bestu nýtingu úr því fjármagni sem fæst til búnaðakaupa.

Megin búnaður er á Árstíg 2, á flugvellinginum er allur grunnbúnaður auk búnaðar frá flugstöðum.

Skrá yfir búnað flokkað eftir staðsetningu er að finna í búnaðarlista slökkviliðsins. Talningar og yfirferð á búnaði liðsins er gerður vikulega og yfirumsjón með viðhaldi tækja og búnaðar er í höndum Deildarstjóra tækja og búnaðar.

5.4. Fjarskipti

Notast er við Tetra fjarskipti, uppkall og vinnurásir. Ferilvöktun er í fjarskiptakerfinu svo greina má hvar bílar og menn eru hverju sinni. Í reykjöfun og til vara er notuð VHF fjarskipti á lokuðum rásum slökkviliðsins, hægt er að notast við endurvarpa almannavarna og björgunarsveita. Öllum slökkviliðsmönnum er skaffaður GSM sími en með honum eru menn boðaðir í útkall liðsins gegnum SMS frá Neyðarlínu.

5.5. Viðvörðunarbúnaður

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við AVE og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AVE.

5.6. Æfingarsvæði

Æfingarsvæði er á suðaustur enda flugbrautar á flugvelli á Akureyri, á lóð slökkviliðsins við Árstíg og í útihúsi. Vonast er til að fá æfingarsvæði vestan við flugbraut Akureyrarflugvallar í tengslum við lengingu flugbrautarinnar (2008).

5.7. Annað

Í Árstíg eru tvær loftpressur til áfyllingar fyrir köfunartæki. Þessar pressur eru skoðaðar reglulega með tilliti til loftgæða.

6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði SA. skiptist niður í tvennt þ.e. sjúkraflutning og eldvarnir.

- Fyrir sjúkraflutning er landfræðileg mörk:

Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Arnarneshrepp, Skriðuhrepp, Öxnadalshrepp, Glæsibæjarhrepp, Svalbarðstrandarhrepp, Grýtubakkahrepp og gamla Hálsahrepp. Auk flutninga út fyrir heilsugæslusvæðið þegar um er að ræða millistofnanaf lutninga og/eða aðstoð við aðra sjúkraflutningsaðila, en á Akureyri er miðstöð sjúkraflutningsþjónustu fyrir Norðurland eystra.

- Eldvarnir:

Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandarhrepp og Arnarneshrepp eða allt svæðið umhverfis Akureyri.

Í slökkvibílum eru möppur með grunn og staðháttaupplýsingum af sveitabæjum og upplýsingum um vatnsból og þá þætti er gagnast við slökkvistörf. Neyðarlína styður við útkall með frekari leiðarlýsingum, bakvaktaryfirmenn styðja frekari upplýsingaöflun og stýra innköllun frekara viðbragðsliðs.

7. Vatnsból og brunahanar

Á Akureyri eru um 260 brunahanar víðsvegar um bæinn með vatnsþrýsting um 2-8 bar. Á Akureyrarflugvelli eru 2 brunahanar. Viðhald brunahana eru á vegum Norðurorku og sér hún um að mæla afkastagetu þeirra. Þessum upplýsingum á að koma til slökkviliðs jafnóðum og þær eru klárar. Nánari upplýsingar er að finna hjá Norðurorku.

Vatnsból í dreifbýli eru misjöfn eftir stöðum allt frá því að ekkert vatn er í námunda við bæi upp í það að vera ásættanlegt. Viðbragð slökkviliðs Akureyrar miðar að því að telji menn vatnsöflun ótrygga þá er tankbíl sendu á staðinn frá aðalstöð.

8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Nokkrar af stærstu áhættum SA eru settar hér fram.

FSA , Menntaskólinn, VMA, allir grunnskólar, barnaheimili, öldrunarheimili, Glerártorg, Sjöfn, Krossanes, Brim (Útgerðarfélagið), Sjallinn.

Lýsingar á húsnæði, aðkomu og sérstökum hættum er hægt að nálgast í gagnagrunni eldvarnaeftirlits.


Vatnsverndarsvæði fyrir Akureyri er stærsti hluti Glerárdalsins.

9. Hafnir og mörk þeirra

Hafnarmannvirki eru á sjö stöðum á brunavarnarsvæðinu; Krossanes, Sandgerðisbót (smábátahöfn), Fiskihöfnin, Togarabryggja, Tangarabryggjan, Oddeyrarbryggja og Torfunesbryggja (sjá mynd af staðsetningu bryggja). SA sér um brunavarnir og mengunarmál á hafnarsvæðunum að lóðréttum kanti. Akureyrarhöfn sér um mengunarmál á sjó. Á austurkanti Fiskihafnar eru tveir 20” gámar með búnaði til mengunarvarna. Búnaðurinn er skv. lögum nr:32/1986 um “varnir gegn mengun sjávar” (gr: 17). Nánari lista yfir búnað í gámunum er að finna í útboðslýsingu Innkaupastofnun Ríkisins IR-3919/3. Það er Umhverfisráðuneytið og Hafnarsamlag sveitafélaganna sem leggur til búnaðinn.

Við olíudreifingastöð ESSO í Krossanesi er höfð vakt við löndun olíu. ESSO tilkynnir með fyrirvara hvenær löndun fer fram. Tveir slökkviliðsmenn á slökkvibíl mæta á afgreiðslustað a.m.k. 30 mín. fyrir komu skips og tryggja vettvang. Slökkviliðsmenn fylla út gaumlista.

Yfirlitsmynd yfir hafnir á Akureyri



10. Samkomulag og samningar

Samstarf er við þá aðila sem snerta starfsemi SA.

Skriflegir samningar :

- Flugstoðir, þjónustusamningur varðandi rekstur slökkviliðs á Akureyrarflugvelli
- Flugstoðir, þjónustusamningur um menntun starfsmanna Flugstoða á flugvöllum landsins.
- Samningur um skyldur vegna brunavarna fyrir: Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandarhrepp og Arnarneshrepp

Helstu samstarfsaðilar eru:

- Almannavarnir Eyjafjarðar vegna hlutverks SA í almannavarnakerfinu
- Björgunarsveitin Súgur á Akureyri vegna samstarfs
- Björgunarsveitin Dalbjörg (hjálparlið í bruna./ björgunarst.)
- Brunamálastofnun vegna brunamála, eldvarnaeftirlits og Brunamálastólans
- Sjúkraflutningaskóli Íslands (staðsettur á FSA)
- Byggingarfulltrúi Eyjafjarðar vegna forvarna
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna mengunaróhappa á landi
- Lögreglan á Akureyri vegna ýmissa sameiginlegra verkefna
- Skrifstofa Akureyrarbæjar vegna fjármála
- Norðurorka, vegna brunahana
- Hafnarsamlag Eyjafjarðar

11. Annað

Akureyrarflugvöllur er staðsettur suðaustan við bæjarstæði Akureyrar. Reglubundið áætlunarflug, leigu og sjúkraflug. Flugstoðir fer með rekstur vallarins. Slökkvibíll er staðsettur á vellinum. SA hefur eftirlit með brunavörnum bygginga við flugvöllinn sem og flugumferð. Einnig sjá starfsmenn um eftirlit með flugbrautinni t.d. hreinsun á lausum hlutum, hálkumælingar og fælingu á fuglum.

Varaafstöðvar fyrir Akureyri eru tvær.

Við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (Eyrarlandsvegi) er staðsettur þýrlupallur.

Endurvarpar fyrir útvarp og sjónvarp eru á Vaðlaheiði. Þar er varaafstöð.

12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun

Helstu breytingar á húsnæði, bifreiðum, menntun og búnaði SA koma hér fyrir neðan ásamt framkvæmdaáætlun.

12.1. Húsnæði

Árstígur 2 :

Aðstaða slökkviliðsins er fullnægjandi, hefðbundið viðhald og endurbætur.

Flugvöllur:

Húsnæðið er orðið þegar of lítið. Vöntun er á meira rými í bílageymslu. Aðskildu setu og hvíldarrými, kynjaskiptu bað og hreinlætisaðstöðin ásamt aðstöðu til líkamsræktar.

Hrísey:

Aðstaða er prýðileg engu að síður þarf að huga að bað / hreinlætisaðstöðu ásamt frágangi og skipulagi rýmis á efri hæð.

Hefðbundið viðhald er í höndum Fasteigna Akureyrar.

12.2. Bifreiðar

Endurnýjun bifreiða þarf að vera í hlutfalli við aldur og ástand tækja og miðað við afskriftarreglur.

Eignasjóður gatna og tækja er kaupandi bifreiða og miðast afskrifir við 15 ár. Tillögur að endurnýjun tækja út frá afskriftum eru settar fram í framkvæmdahluta áætlunar þessarar.

12.3. Menntun og búnaður

Eftirfarandi búnað þarf að endurnýja:

- Viðhalda hlífðar og öryggisbúnaði slökkvi- og sjúkraflutningamanna.
- Viðhalda og endurnýja reykkiöfunartækjabúnað liðsins til að hann uppfylli ávallt ströngustu kröfur.
- Bæta inn nauðsynlegum smábúnaði sem styður þann mengunarbúnað sem BR úthlutaði.
- Bæta við handstöðvum í Tetra innan liðsins (í dag hamlar afnotagjalds verðskrá Neyðarlínu fjölgun stöðva).
- Fá skilgreint æfingasvæði liðsins. Unnið að svæði í samvinnu við Flugstoðir.
- Tæki eru endurnýjuð samkvæmt afskriftum og menntun samkvæmt áætlun

Nauðsynlegt er að sérmennta fleiri aðila í fræðum um mengunarmál og viðbrögð og varnir í mengunaráhöppum.

12.4. Framkvæmdaáætlun

Almennt:

Vaxtarþættir:

1. Þjónusta önnur sveitarfélög
2. Skilgreina aðkomu slökkviliðsins að sjúkraflugi á landinu öllu
3. Bæta samstarf við aðra viðbragðsaðila.
4. Aukin verkefni forvarnardeildar.

Fræðslu og kynningarmál:

1. Stuðla að auknu öryggi bæjarbúa með fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum varðandi:
 - 1.1.1. Eldvarnir
 - 1.1.2. Endurlífganir
 - 1.1.3. Mengunarmál
 - 1.1.4. Björgunarstörf
2. Auka styrk forvarnardeildar sem sér um fræðslu og kynningarmál til almennings ásamt eldvarnareftirliti
3. Auka samskipti við fyriræki og skóla með heimsóknum kynningum og fl.
4. Kynna aðbúnað og getu fyrir forráðamönnum sveitarfélagsins
5. Að auka sýnileika liðsins í samfélagslegum verkefnum.

Á árinu 2009.

- Fjármagn til endurnýjunar öryggisfatnaðar fyrir varðliðsmenn. (lög og reglugerðir)
- Endurnýjun reykköfunartækja (búnaður sem þarf að vera í 100% lagi öllum stundum).
- Kaup á nýjum björgunarklippum þar sem þær eldri duga ekki í þá verkþætti sem koma upp í dag.
- Endurnýja tankbifreið liðsins (bjóða út bifreið á haustdögum 2009) með aðkomu Flugstoða kaup færur fram 2010
- Snyrta aðstöðu á efri hæð Árstíg 2 (hljóð einangra skrifstofur og mála.)
- Stækkun slökkvistöðvar á flugvelli í samráði við Flugstoðir.
- Koma á samningi um sjúkraflug við Heilbrigðisráðuneytið.
- Koma á samstarfssamningi við Hafnarsamlag Norðurlands varðandi mengunarvarnir.

Á árinu 2010.

- Kaup á tankbifreið með Flugstoðum
- Ljúka við í samráði við FAK stækkun á kennslusal sem frestað var 2007 (Árstígur)
- Viðhalda öryggis og hlífðarfatnaði varðliðs.
- Vinna að kerruvæðingu vegna slöngulagna.
- Þjálfra frekari mannskap í meðferð og umhirðu reykköfunartækja.
- Auka þekkingu og getu forvarnardeildar til fræðslustarfa.
- Endurnýjun reykköfunartækja (búnaður sem þarf að vera í 100% lagi öllum stundum).
- Kaup á hitamyndavél.

Á árinu 2011.

- Vinna að sameiginlegri slökkvistöð á skipulagsreit við norðurenda flugbrautar í samstarfi við Flugstoðir
- Endurnýjun reykköfunartækja (búnaður sem þarf að vera í 100% lagi öllum stundum).
- Viðhalda öryggis og hlífðarfatnaði varðliðs.

Á árinu 2012.

- Endurnýjun reykköfunartækja (búnaður sem þarf að vera í 100% lagi öllum stundum).
- Viðhalda öryggis og hlífðarfatnaði varðliðs.

Á árinu 2013.

- Endurnýjun reykköfunartækja (búnaður sem þarf að vera í 100% lagi öllum stundum).
- Viðhalda öryggis og hlífðarfatnaði varðliðs.
- Endurnýja slökkvibifreið liðsins (bjóða út bifreið á haustdögum 2013)

Framkvæmdaáætlun er samþykkt með fyrirvara um kaup á tækjum og búnaði þar sem þau eru háð samþykki fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar hverju sinni.

Stefnt er að uppfærslu á áætluninni árlega,

Dreifingarlisti


- Almannavarnarnefnd
- Björgunarsveitin Súlur
- Brunamálastofnun
- Bæjarstjórn Akureyrarbæjar
- Byggingafulltrúi Akureyrarbær
- Byggingafulltrúi Eyjafjarðar
- Framkvæmdanefnd Akureyrarbæjar
- Sveitarstjórn Arnarneshrepps
- Sveitarstjórn Hörgárbyggð
- Sveitarstjórn Eyjarfjarðarsveitar
- Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps.
- Sveitarstjórn Þingeyjarsveit.
- Lögreglustjórinn á Akureyri
- Neyðarlínan Akureyri
- Olíudreifing í Krossanesi
- Norðuroorka
- Slökkviliðsstjórinn Grýtubakkahreppi
- Slökkviliðsstjórinn Dalvík
- Slökkviliðsstjórinn Ólafsfirði
- Stjórn FSA
- Hafnarsamlag Akureyrar
- Heilbrigðisnefnd Eyjafjarðar
- Heilsugæslustöð Akureyrar

Heimildir

- Áhættumat er unnið úr gögnum eldvarnaeftirlits
- Lög um brunamál nr. 75/2000
- Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar sveitarfélaga sept. 2001
- Aðalskipulag 1998 til 2018
- Niðurstöður og vinnugögn úr vinnu við að samræma viðhorf til stjórnunar og samskipta innan liðsins (Skýrsla Kristján Kristjánsson, janúar 2005)
- Gagnaskrá SA (skýrslur, gæðaeftirlit, fundargerðir og hinir ýmsu listar)

Fylgiskjöl

Akureyri, árið 2005-6



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Akureyrar

